

## Fyrirspurn

til félags- og tryggingamálaráðherra um skuldir sveitarfélaga hjá Íbúðalánasjóði.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hversu mikið skulda sveitarfélögin Íbúðalánasjóði vegna kaupa þeirra á félagslegu húsnæði?
2. Hversu há upphæð er í vanskilum hjá sjóðnum vegna slíkra kaupa og hvernig skiptist upphæðin milli kjördæma?
3. Hefur einhver hluti slíkra skulda verið afskrifaður og ef svo er, hversu háar eru afskriftirnar samtals, í hvaða kjördæmum hafa skuldir verið afskrifaðar og hversu háar upphæðir í hverju þeirra?
4. Liggja inni beiðnir hjá Íbúðalánasjóði um afskriftir lána sveitarfélaga og ef svo er, í hvaða kjördæmum og um hversu háar upphæðir er að ræða?

Skriflegt svar óskast.